

Dómsorð:

Stefndi, Tónlistarfélag Garðahrepps, greiði stefnanda, Guðmundi Norðdahl, kr. 576.912 með 13% ársvöxtum frá 1. september 1975 til greiðsludags og kr. 115.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 15. maí 1979.

Nr. 77/1977. **Aðalheiður Tómasdóttir**
Guðbjörg Tómasdóttir
Guðrún G. Tómasdóttir
Herdís Tómasdóttir
Jóhanna Tómasdóttir og
Sigríður Jónsdóttir
 (Kristján Eiríksson hrl.)
 gegn
Indriða G. Þorsteinssyni og
 (Hrafnkell Ásgeirsson hrl.)
Ríkisútvarpinu
 (Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Flutningur útvarpsefnis. Lögbannsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason og Gaukur Jörundsson prófessor.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. maí 1977. Krefjast þeir þess, að lögbannsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 17. apríl 1975, sú er í málinu greinir, verði staðfest. Þeir krefjast og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi stefndu.

Stefndi Indriði G. Þorsteinsson krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Stefndi Ríkisútvarpið krefst staðfestingar héraðsdóms og að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málsaðiljarnir í héraði, þeir Friðrik Kjarrval Tómasson og Páll Tómasson, sem í öndverðu áfrýjuðu héraðsdóminum ásamt öðrum sóknaraðiljum í héraði, féllu frá áfrýjun af sinni hendi við meðferð málsins fyrir Hæstarétti, og var mál-ið fellt niður að því er þá varðar.

Af hendi áfrýjenda hefur því verið lýst yfir, að dómkröfur sínar reisi þeir hvorki á réttarreglum um æruvernd né um friðhelgi einkalífs, sbr. XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, heldur eingöngu á ólögfestum meginreglum íslensks réttar um lögvernd persónuleika manna, lifandi eða látinna. Nánar rökstyðja þeir kröfur sínar svo, að Tómas Jónsson í Elivogum í Seyluhreppi, sambúðarmaður áfrýjandans Sigríðar, en faðir annarra áfrýjenda, sé fyrirmynd aðalpersónunnar í bók stefnda Indriða, Þjófur í Paradís. Hafi þeim því verið rétt að fá lagt lögbann við upplestri sögunnar í útvarp til að vernda hagsmuni, sem eru tengdir við persónu og minningu þessa vandamanns síns, sem nú er látinn.

Aðild áfrýjenda að máli þessu er ekki vefengd, þó að málsóknin af hendi þeirra allra sé alfarið reist á því, að með upplestri bókarinnar í útvarp, ef af yrði, væri brotið gegn þeirri persónuvernd, sem Tómas Jónsson njóti látinn, svo sem áður var sagt.

Sýnt er, að í skáldsögunni Þjófur í Paradís hefur höfundur um söguefni að ýmsu leyti stuðst við vissa atburði úr ævi Tómasar Jónssonar, einkum þá, sem frá er greint í refsimáli, sem dæmt var í Hæstarétti 6. desember 1939. Ber skáldsögunni á köflum svo mjög saman við atvikalýsingu í refsidóminum, einnig í smáatriðum, að ekki getur verið um tilviljun að ræða. Er það og viðurkennt af stefnda Indriða, að hann hafi haft lýsingar af atburðum þessum til hliðsjónar við samningu skáldsögunnar. Var þetta, svo og viss atriði önnur, einkum ýmsar líkingar í nafngiftum manna og staða, til þess fallið að heina athygli lesanda, sem til þekkir, að Tómasi

Jónssyni. Á hitt er þó einnig að líta, að Tómas Jónsson andaðist 1954. Þær frásagnir í bókinni, sem einkum benda til hans, virðast mjög sóttar í prentaðar heimildir. Bókin kom út á forlagi bókafélags árið 1967. Er hún því í margra höndum og almennt kunn, og ekki er annað komið fram en hún sé tiltæk í almenningubókasöfnum. Lögbannskrafa áfrýjenda varðar lestur bókarinnar, eins og hún liggur fyrir prentuð. Lýsing á aðalpersónunni í bókinni er að ýmsu leyti til þess fallin að vekja samúð lesanda.

Þegar það er virt, sem að framan er rakið, verður ekki talið, að lestur bókarinnar Þjófur í Paradís í útvarp fari í bága við þær meginreglur laga um persónuvernd, sem áfrýjendur skírskota til í málflutningi sínum, þannig að kröfur þeirra um staðfestingu lögbannsgerðarinnar geti náð fram að ganga. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. mars 1977.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 2. þ. m., hafa Sigríður Jónsdóttir, Stöpum við Reykjanesbraut í Gullbringusýslu, Guðbjörg Tómasdóttir, Miðvangi 104, Hafnarfirði, Guðrún G. Tómasdóttir, Háagerði 51, Herdís Tómasdóttir, Bergstaðastræti 10 C, Páll Tómasson, Snorrabraut 40, Aðalheiður Tómasdóttir, Kleppsvegi 26, Friðrik Kjarrval, Tómasarhaga 21, öll í Reykjavík, og Jóhanna Tómasdóttir, Brekkugötu 43, Akureyri, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni af yfirborgardómaranum í Reykjavík 23. apríl 1975, á hendur Indriða G. Þorsteinsyni rithöfund, Heiðargerði 1 A, og Ríkisútvarpinu, Skúlagötu 4, báðum hér í borg.

Gera stefnendur þær dómkröfur, að staðfest verði lögbann, sem hinn 17. apríl 1975 var lagt á í fógetadómi Reykjavíkur við lestri skáldsögunnar Þjófur í Paradís í Ríkisútvarpinu, sem hófst að kvöldi mánudagsins 14. apríl 1975. Einnig er þess krafist, að

stefndu greiði stefnendum óskipt málskostnað að mati dómsins.

Af hálfu stefnda Indriða eru þær dómkröfur gerðar, að lögbann það, sem krafist er staðfestingar á, verði fellt niður og hann sýknaður af öllum kröfum stefnenda, en þeir dæmdir til að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Af hálfu stefnda Ríkisútvarpsins er krafist sýknu af kröfum stefnenda og jafnframt verði lögbann það, sem lagt var á 17. apríl 1975 við lestri skáldsögunnar Þjófur í paradís, fellt niður.

Málavextir eru þeir, að á árunum 1928—1938 bjó Tómas Jónsson ásamt sambýliskonu sinni, Sigríði Jónsdóttur, og sjö börnum þeirra að Elivogum í Seyluhreppi í Skagafirði. Eru Sigríður og börn þeirra Tómasar stefnendur máls þessa. Tómas lést 9. nóvember 1954. Á árunum 1928, 1935 og 1939 hlaut Tómas þrjá refsidóma í aukarétti Skagafjarðarsýslu. Var í málum þessum fjallað um þær ávirðingar, að Tómas hefði slegið eign sinni á sauðfé og hross annarra, svo sem rakið er í dómum þessum. Mál þessi gengu til Hæstaréttar. Með dómi, uppkveðnum 6. desember 1929, var Tómas dæmdur í sex mánaða fangelsi, sbr. Hæstaréttardóma, 2. bindi, bls. 1292. Með dómi, uppkveðnum 3. apríl 1936, var Tómas dæmdur til tíu mánaða betrunarhúsvinnu, sbr. Hæstaréttardóma, 7. bindi, bls. 164. Með dómi, uppkveðnum 6. desember 1939, var Tómas dæmdur í betrunarhúsvinnu í tvö ár, sbr. Hæstaréttardóma, 10. bindi, bls. 559. Tvístraðist síðan fjölskyldan, og var börnunum komið fyrir á bæjum í sveitinni.

Í desembermánuði 1967 kom út á vegum Almenna bókafélagsins skáldsagan Þjófur í Paradís. Er stefndi Indriði höfundur bókarrinnar. Fjallar söguþráðurinn að meginefni til um einyrkja, sem býr við kröpp kjör á kotbýli utan alfaraleiðar með konu og sex börnum. Eru þar rakin samskipti bóndans við sveitunga sína, áburður um hrossaþjófnað, rannsókn þess máls, dómur yfir honum og að lokum aðskilnaður hans og fjölskyldunnar. Hóf Indriði lestur sögunnar í útvarpi mánudaginn 14. apríl 1975. Stefnendur töldu atriði úr ævi Tómasar Jónssonar höfð að fyrirmynd og yrkisefni í bókinni og kröfðust þess í fógetarétti Reykjavíkur, að lagt yrði lögbann við frekari lestri sögunnar í útvarpi. Með úrskurði, uppkveðnum 17. apríl 1975, var síðan gegn andmælum stefndu lagt lögbann við áframhaldi á lestri sögunnar gegn tryggingu, sem ákveðin var kr. 100.000. Hafa stefnendur svo höfðað mál þetta til staðfestingar lögbanninu.

Krafa stefnenda er byggð á því, að í bókinni Þjófur í Paradís noti höfundur Tómas Jónsson sem fyrirmynd að höfuðpersónu

sögunnar, Hervalði í Svalvogum. Sé það gert með þeim hætti, að samlíkingin við fyrirmyndina liggi nokkurn veginn í augum uppi. Þannig bendi lýsing fjölskyldu Hervalds, heimilisaðstæður, mannanöfn, nöfn bæja, örnefni og lýsing staðhátta svo og atburðarás sögunnar, svo sem áburður og dómur um sama refsiverðan verknað og Tómas Jónsson hlaut dóm fyrir, eindregið til þátta í lífi Tómasar Jónssonar, svo sem fram komi í dómsmálabókum. Sé ýmsum atriðum jafnvel fylgt svo nákvæmlega, að tekin séu upp í söguna orðrétt svör skráð við yfirheyrslur í málum Tómasar. Þarna sé verið að draga fram í dagsljósið siðferðilega og ámælisverða hrösun, sem samkvæmt mannlegri reynslu ætti að vera fallin í gleymsku og dá. Með þessu hafi stefndi Indriði farið langt út fyrir mörk þess, sem heimilt sé. Sé lestur sögunnar í útvarpi meiðandi, móðgandi og með öllu ótilhlýðilegur gagnvart stefnendum og minningu Tómasar Jónssonar. Sé markmið málshöfðunar þessarar að vernda minningu Tómasar, bæði með tilliti til hans sjálfs og stefnenda. Stefnendur beri þó ekki fyrir sig ákvæði í 25. kafla almennra hegningarlaga, heldur telji þau fyrir hendi samkvæmt íslenskri réttarskipan óskráða grunnreglu samkvæmt grundvallarreglum laga eða eðli máls um réttarvernd persónuleika látins manns og sé sú regla víðtækari en ákvæði almennra hegningarlaga. Við beitingu reglu þessarar, sem hljóti að byggjast á hagsmunamati, hljóti niðurstaðan að verða sú, að ekki hafi verið óhjákvæmilegt til að fullnægja listrænum kröfum að taka í söguna þau auðkenni á æviskeiði Tómasar, sem í vitund núlifandi manna séu tengdust þeim atburðum, sem gerðust. Með framhaldi á lestri sögunnar séu þessir atburðir, sem séu stefnendum andlegar þjáningar, enn rifjaðir upp fyrir alþjóð og þannig margoft farið út fyrir mörk hins tilhlýðilega. Stefnendur, sem telji sig réttmæta aðilja til eftirmáls skv. 3. mgr. 25. gr. almennra hegningarlaga, hafi því höfðað mál þetta til að koma í veg fyrir réttarbrot þetta.

Sýknukrafa stefnda Indriða er byggð á því, að bókin Þjófur í Paradís sé skáldsaga og hafi ákveðnir menn ekki verið hafðir að fyrirmyndum sögupersóna. Rithöfundar lýsi oft lífinu í þjóðfélaginu, þótt þeir fylgi ekki æviferli og verkum ákveðinna manna, nema er þeir riti ævisögur þeirra. Við lestur bókarinnar Þjófur í Paradís komist lesandinn strax að raun um, að hér sé ekki um að ræða ævisögu Tómasar Jónssonar frá Elivogum. Hér sé um að ræða sjálfstætt skáldverk. Fyrr á tímum hafi sauðabjófnaður og hrossabjófnaður verið algeng lögbrot og þegar ritað

sé um liðinn tíma, sé ekki óeðlilegt, að þessi atvik fléttist í söguþráðinn. Ekkert sé heldur óeðlilegt við það, að höfundur lýsi landslagi, sem hann sé kunnugur, en með lýsingu landslags og staðhátta í sögunni sé ekki verið að lýsa ákveðnum stað og nöfn bæja í sögunni séu þekkt bæjarnöfn víðs vegar af landinu. Þótt höfundur hafi leitað heimilda í dómum yfir Tómasi Jónssyni, sem séu opinberar heimildir, öllum tiltækar, við lýsingu aðfanga við húsleit, sé það ekki nægilegt til að telja Tómas fyrirmynd Hervalds í Svalvogum. En því er haldið fram, að jafnvel þótt talið yrði, að einhverja samlíkingu megi finna milli Hervalds í Svalvogum og þátt í lífi Tómasar Jónssonar, þá sé um það fjallað í sögunni með þeim hætti, að lesandinn fái samúð með Hervaldi og sé ekki á neinn hátt varpað rýrð á minningu Tómasar Jónssonar. Sé frjálsri listsköpun settar þröngar skorður, ef stöðva eigi útkomu íslenskra skáldsagna og koma í veg fyrir lestur þeirra á opinberum vettvangi fyrir það eitt, að menn telji sig sjá sjálfa sig í sögunum, nákomna ættingja eða þætti úr lífi þeirra. En auk þess væri það brot á ákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar, ef lestur sögunnar væri stöðvaður. Hljóti hin almennu rök, sem stefnendur byggja kröfu sína á, að víkja fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar. Þá er því haldið fram, að frá því bókinn Þjófur í Paradís kom út á árinu 1967 og þar til lestur hennar hófst í útvarpi, hafi stefnendur enga tilraun gert til að hefta útbreiðslu hennar. Bókin sé því til á heimilum og bókasöfnum út um allt land. Aðgerðarleysi stefnenda valdi því, að þeir hafi glatað þeim rétti, sem þeir kunni að hafa átt til að hafa áhrif á dreifingu á efni bókarinnar, sbr. ákvæði 29. gr. almennra hegningarlaga. Þá er því og haldið fram, að aðiljasamlag stefnenda sé ólögmætt, því stefnandinn Sigríður Jónsdóttir og Tómas Jónsson hafi ekki verið gift og því sé hún ekki réttur aðili málsins, sbr. 25. gr. almennra hegningarlaga.

Sýknukrafa stefnda Ríkisútvarpsins er byggð á því, að þótt svo kunni að verða litið á, að í hugum þeirra, sem til þekkjja, megi finna nokkur tengsl milli atriða í bókinni Þjófur í Paradís og þátta úr lífi Tómasar Jónssonar, þá sé þar ekki um að ræða neitt saknæmt eða óviðurkvæmilegt. Fyrir ókunnuga sé það ekki bersýnilegt, að sagan sé tengd raunverulegum atburðum. Ekki séu heldur fyrir hendi settar réttarreglur eða grunnreglur laga, sem heimili stöðvun á upplestri úr bók, sem um árábil hafi verið til sölu á almennum markaði, svo sem hér sé farið fram á. Þvert á móti girði ákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar fyrir, að

hægt sé að láta stöðva lestur sögu í útvarpi, svo sem hér sé krafist. Auk þess er á það bent, að bókin Þjófur í Paradís sé skáldverk, sem komið hafi út á árinu 1967 og verið til sölu á almennum markaði. Tómas Jónsson hafi síðast hlotið dóm 1939, 36 árum áður en lestur sögunnar hófst í útvarpi. Dómarnir hafi verið prentaðir og gefnir út í dómasafni Hæstaréttar og séu því opinber gögn. Tómas hafi svo andast 1954. Þá er því haldið fram, að Tómas Jónsson og stefnandinn Sigríður Jónsdóttir hafi ekki verið gift og því geti hún ekki átt aðild að málssókn þessari samkvæmt 25. gr. almennra hegningarlaga.

Einn stefnenda, Guðbjörg Sumarrós Kjarrval Tómasdóttir, hefur hér fyrir dómi lýst því, er foreldrar hennar voru færðir í gæsluvarðhald í októbermánuði 1938, aðstöðu barnanna og hvernig þeim var komið fyrir á bæjum í sveitinni. Kom þar fram, að frá því hafi fjölskyldan ekki átt sameiginlegt heimili.

Hér fyrir dómi hefur stefndi mótmælt því, að hann hafi stuðst við ævi Tómasar Jónssonar við ritun sögunnar Þjófur í Paradís. Sagan sé rituð á allt öðrum forsendum og skrifuð út frá öðrum sjónarmiðum. Hún sé rituð sem dæmi um tiltekna tegund af sambýli, þar sem meira máli skiptir hið kyrrláta líf, sem lifað sé í tilteknu samfélagi, en aðvífandi og óvænt vandamál, sem ekki hafi verið vitað, að fyrr hafi tilheyrt slíku sambýli. Það, sem segja meg, að hafi komið nálægt Tómasi Jónssyni í Elivogum, sé sú lýsing í dómabókum, sem að vissu leyti taki til úttektar á góssi hans. Að vísu séu til lýsingar á svona hlutum í dómabókum víða um land frá fyrri öldum, en þegar um það sé að ræða að komast sem næst samtímanum, þá sé eðlilegt, að ekki sé leitað heimilda aftur í aldir. Þá hefur stefndi Indriði mótmælt því, að ákveðinn maður hafi verið hafður að fyrirmynd að einni af mörgum persónum sögunnar. Í því sambandi sé á það að líta, að þjófurinn í skáldsögunni sé maður, sem lesandi sögunnar fái samúð með að loknum lestri. Hann fái slíkar málsbætur í sögulok, að hann sé raunverulega sýknaður af ábyrgð á gerðum sínum. Ekkert liggi fyrir um, að slík viðhorf hafi verið ríkjandi í garð Tómasar Jónssonar frá Elivogum, nema hjá þeim, sem voru nánir aðstandendur eða þekktu hann best. Þannig hafi almennar sögusagnir um Tómas ekki getað haft áhrif á persónugerð þjófsins í skáldsögunni og ekki heldur þurr upptalning búsmuna og aðfanga í dómabókum. Þá hefur stefndi mótmælt því, að með lýsingu staðhátta í sögunni sé verið að lýsa heimabyggð Tómasar Jónssonar í Skagafirði. Þá sé það fráleitt, að með

nöfnum sögupersóna og lýsingu þeirra séu ákveðnir einstaklingar hafðir í huga.

Af hálfu stefnenda hefur verið bent á fjölda atriða í bókinni Þjófur í Paradís, þar sem þau telja ljóst, að höfð séu að fyrirmynd atriði úr lífi Tómasar Jónssonar.

Telja verður, að stefnendum hafi verið rétt að höfða mál þetta sameiginlega.

Í ákvæðum 25. kafla almennra hegningarlaga er fjallað um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs, m. a. ærumeiðingar gegn látnum manni. Er því lýst yfir af hálfu stefnenda, að ekki sé byggt á ákvæðum þessum í málinu.

Stefndi Indriði hefur lýst því, að hann hafi leitað fyrirmyndar í refsidómum Tómasar Jónssonar, sem birtir hafa verið í opinberu dómasafni, varðandi nokkur atriði, þar sem lýst er húsleit. Þrátt fyrir þetta og þrátt fyrir að líkingu megi sjá með atriðum í bókinni og þáttum úr lífi Tómasar Jónssonar, þá verður að líta svo á, að með ritun bókarinnar hafi stefndi Indriði skapað sjálfstætt verk, þar sem fjallað er um menn og atburði þannig, að þeir öðlist sjálfstæða tilveru. Þykir það ekki varpa rýrð á minningu Tómasar Jónssonar, þótt stefnendur telji sig sjá í bókinni mynd Tómasar eða þætti úr lífi hans. Ekki verður heldur talið, að efni bókarinnar valdi stefnendum ólögmati röskun. Telja verður, að í 72. gr. stjórnarskrárinnar felist grunnregla íslensks réttar um tjáningarfrelsi. Bann við lestri í útvarpi úr bókinni Þjófur í Paradís við þær aðstæður, sem hér hafa verið raktar, bryti í bága við þá grunnreglu. Af hálfu stefnenda hefur ekki verið leitt í ljós, að til sé í íslenskum rétti grunnregla, sem virða beri frammar ofangreindum sjónarmiðum.

Samkvæmt þessu verða stefndu sýknaðir af kröfum stefnenda.

Verður lögbann það, sem hinn 16. apríl 1975 var lagt á lestur bókarinnar Þjófur í Paradís í Ríkisútvarpinu, fellt niður.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Jóni Arnalds lögfræðingi og Vésteini Ólasyni lektor.

Dómsorð:

Stefndu, Indriði G. Þorsteinsson og Ríkisútvarpið, skulu vera sýknir af kröfum stefnenda, Sigríðar Jónsdóttur, Guðbjargar Tómasdóttur, Guðrúnar G. Tómasdóttur, Herdísar Tómasdóttur, Páls Tómassonar, Aðalheiðar Tómasdóttur,

Friðriks Kjarrvals og Jóhönnu Tómasdóttur. Lögbann það, sem hinn 17. apríl 1975 var í fógætarétti Reykjavíkur lagt við lestri skáldsögunnar Þjófur í Paradís, er fellt úr gildi.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 16. maí 1979.

Nr. 210/1977. Runólfur Sölvason vegna Saltvers
 gegn
 Magngeiri V. Jónssyni.

Hafning máls. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 28. nóvember 1977. Við munnlegan flutning máls þessa hér fyrir dómi óskaði áfrýjandi þess, að málið yrði fellt niður. Stefndi samþykkti það, en krafðist málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Málið er fellt niður, en rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, 70.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Mál þetta er fellt niður.

Áfrýjandi, Runólfur Sölvason vegna Saltvers, greiði stefnda, Magngeiri V. Jónssyni, 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.